


# Ritgerðasmíð og heimildanotkun



# Ritgerð

Að skrifa ritgerð felst í að gera grein fyrir hugsun sinni á skýran og áhugaverðan hátt.

Góðar ritgerðir eru skorinorðar og fjalla um afmarkað efni með efnisyfningu og rökum.

# Skref í ritgerðasmíð

1. Hugmynd að efni (frá kennara eða nemanda). Hugstormun.
2. Heimildaleit, lestur og afmörkun. Efnisyfirlit.
3. Beinagrind, kaflaskipting.
4. Uppkast og gerjun.
5. Yfirlit og athugasemdir.
6. Prófkortlestur og skil lokaafurðar.

# Uppsetning ritgerðar

Forsíða

Efnisyfirlit (í lengri ritgerðum)

Inngangur

Meginmál

Lokaorð

Heimildaskrá


# Bygging ritgerðar



# Forsíða

- Frumsaminn titill, grípandi sem lýsir efni ritgerðarinnar í hnotskurn.
- Nafn nemanda
- Skóli
- Áfangi og hópur
- Nafn kennara
- Dagsetning
- Ekki blaðsíðutal

# Inngangur

- Inngangi má líkja við trekt. 
- Hann byrjar vítt, á almennri umfjöllun um efnið. Síðan þrengist hann smátt og smátt og endar á efnisyrðingu.
- Inngangur á að vekja áhuga lesanda.

# Efnisyrðing

- Efnisyrðing er ein málsgrein í lok inngangs sem segir um hvað ritgerðin fjallar.
- Efnisyrðing getur verið fullyrðing eða spurning. Hún er kjarni ritgerðarinnar og útgangspunktur.
- Efnisyrðingin verður að vera rökstudd í ritgerðinni eða spurningunni svarað.




# Meginmál

- Meginmál skiptist í kafla og/eða efnisgreinar.
- Ein rök = ein efnisgrein.
- Viðmiðunarlengd efnisgreinar er 6-12 línur.
- Enginn kafli er nefndur meginmál.

# Lokaorð

- Lokaorðum má líkja við trekt á hvolfi.
- Fyrsta efnisgreinin byrjar á málsgrein sem svarar efnisyfðingunni í stuttu máli. Í beinu framhaldi er niðurstaða þar sem rök eru dregin saman.
- Lokaorðin enda á almennum nótum, á ályktun eða vangaveltum.



# Ritstuldur

- Ritstuldur er að taka texta upp eftir öðrum og gera hann að sínum eigin án þess að geta heimilda rétt.
- Ritstuldur getur falist í:
  - beinni afritun úr texta annarra,
  - afritun með lítils háttar breytingum,
  - því þegar texta annars er skeytt er saman við eigin,
  - að gera hugmyndir annarra að sínum eigin.

Ekki gleyma smáa letrinu:

Virðing fyrir hugverkum annarra er undirstaða vandaðra, fræðilegra vinnubragða og verði nemandi uppvis að ritstuldi er heimilt að gefa einkunnina 0 fyrir verkefni.

# Tilvitnanir

- Tilvitnanir tengjast rökum, þær styðja efnisyfningu eða svara spurningu. Með þeim fær lesandinn vitneskju um á hverju nemandinn byggir skrif sín og hvað hann vill draga fram sérstaklega.
- Ekki þarf að vitna í heimild ef efnið flokkast undir **almennar upplýsingar**. Almennar upplýsingar má finna víða og eru t.d. staðreyndir um menn og atburði.

# Tilvitnanir frh.

- Tilvitnanir þurfa að vera skýrar þannig að lesandinn viti hvenær nemandi talar út frá eigin brjósti og hvenær hann vitnar í aðra.
- Tilvitnanir skiptast í **beinar tilvitnanir** og **óbeinar tilvitnanir**.
- Öllum tilvitnunum fylgja **tilvísanir**.

# Beinar tilvitnanir

- Í beinum tilvitnunum er vitnað orðrétt.
- Beinar tilvitnanir eru ýmist **stuttar** eða **langar**.
- Stuttu, beinu tilvitnanirnar eru 3 línur og styttri. Þær eru inni í texta, aðgreindar með gæsalöppum.
- Löngu, beinu tilvitnanirnar eru án gæsalappa, inndregnar, oft með minna línubili og jafnaðar hægra megin.

# Óbeinar tilvitnanir

- Í óbeinum tilvitnunum umorðar höfundur texta annarra og getur heimilda.
- Óbeinar tilvitnanir eru ekki innan gæsalappa.

# Tilvísanir

- Öllum tilvitnunum fylgja **tilvísanir** í sviga eða neðanmálgrein. Tilvísun veitir upplýsingar um heimild og vísar í heimildaskrá þar sem ítarlegri upplýsingar um heimildina er að finna.



# Málfar og stíll

- Vanda skal málfar og forðast einhæft orðalag, málalengingar, talmál og of langar málsgreinar.
- Dæmi um einhæft orðalag er þegar sömu orðin eru endurtekin, t.d. **Svo** fór hann til Íslands. **Svo** settist hann að á Egilsstöðum. **Svo** giftist hann.
- Með málalengingum er átt við óþarfa orð í málsgreinum, upptalningar eða þvælið orðalag.
- Talmál er óformlegt. Til talmáls teljast orð eins og **já, nei, jæja, kannski** og **bara**. Þau draga úr því sem sagt er og mega missa sín.
- Broskallar eiga ekki við í ritgerðum.
- Forðast skal klisjur, svo sem: *takk fyrir, endir, the end, góða skemmtun, ég hef lært mikið af þessu verkefni, kennari góður, nú hef ég ekki meira að segja...*

# Dæmi um málalengingar

- Sálfræðingurinn ræddi um ofbeldið í grunnskólanum.
- *Sálfræðingurinn ræddi um ofbeldi í grunnskólum.*
  
- Skólastjórinn hafði margt að segja **varðandi** ofbeldi í skólum.
- *Skólastjórinn hafði margt að segja um ofbeldi í skólum.*
  
- Jón var **afgerandi** betri í knattspyrnu en Hans.
- *Jón var betri í knattspyrnu en Hans.*
  
- **Svo** voru börnin **án efa staðsett** í skólastofunni.
- *Börnin voru í skólastofunni.*
  
- Verklýsingar eru oft óparfar og má sleppa:
  - *En ég kem að því hér á eftir.*
  - *Eins og ég var búin að segja.*

# Dæmi um talmál

- **Það var eitthvað spilað** tónlist.
- *Tónlist var spiluð.*
  
- **Það voru frekar** margir nemendur í bekknum.
- *Margir nemendur voru í bekknum.*
  
- Foreldrum **myndi finnast** skemmtilegra.
- *Foreldrum fyndist skemmtilegra.*
  
- Talsvert **var verið að sýna** úr gömlum þáttum.
- *Talsvert var sýnt úr gömlum þáttum.*
  
- Þá kom **hann** Hrafnkell og drap **hann** Þorstein.
- *Hrafnkell drap þá Þorstein.*
  
- **Svo var líka sagt sögu.**
- *Einnig var sögð saga.*

## Hvað má/hvað má ekki?

- Efnisgreinar eru aðgreindar með inndreginni línu og/eða auðri línu.
- Heiti bóka, tímarita, margmiðlunardiska og vefmiðla eru skáletruð.
- Í íslensku byrja gæsalappir niðri og enda uppi, („ ”).
- Leturstærð skal miðast við 12 p Times New Roman.
- Línubil skal vera 1,5 eða 2.
- Forðast skal óþarfa leturbreytingar og skraut.